

## Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2020 - 2021

### 1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. Félagið fer með kjarasamningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

Félagið er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

#### Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Ársæll Baldursson, formaður  
Sæmundur Á. Hermannsson, varaformaður/ritari  
Helga S. Sigurðardóttir, gjaldkeri  
Ásta Leonhardsdóttir, meðstjórnandi  
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi

Varamenn eru: Björn Bjarnason, Irina Ogurtsova og Tjörvi Guðjónsson. Skoðunarmenn reikninga eru: Halla S. Sigurðardóttir og Jóngeir Hlinason.

### 2. Almenn starfsemi

Á starfsárinu voru haldnir 8 stjórnarfundir þar sem heimsfaraldur COVID-19 var í algleymingi. Stjórnin fjallaði um réttinda- og kjaramál, vinnumarkaðsmál og margvísleg önnur hagsmunamál félagsmanna. Þá tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum fundum á vegum BHM, einkum vegna kjara- og réttindamála. Formaður félagsins, Ársæll Baldursson, sat einnig fundi formannaráðs BHM.

Fyrir hönd KVH sátu eftirfarandi í nefndum á vegum BHM: Ársæll Baldursson varaformaður Framboðsnefndar BHM, Björn Bjarnason í Orlofssjóði BHM, Heiða Björk Jósefsdóttir í Jafnréttisnefnd BHM, Peter Szklenár í Starfsmenntunarsjóði BHM og Guðfinnur Þór Newman í nefnd um jöfnun launa (7. gr) á milli vinnumarkaða sem skipuð var í tengslum við breytingar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna. Þá var Birgir Guðjónsson varamaður í stjórn LSR.

Starfsmenn KVH eru tveir, framkvæmdastjóri Guðfinnur Þór Newman og verkefnastjóri Steinar Lúðvíksson og sinna þeir fjölmörgum verkefnum fyrir félagið og félagsmenn í viku hverri, sem lúta að kjaramálum og réttindamálum. Félagsmenn leita oft aðstoðar vegna mála er varða ráðningar og launakjör, áminningar, samskipti á vinnustöðum, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Einnig hafa nokkrir félagsmenn leitað til félagsins vegna atvinnutengdra veikinda. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál og tekið þátt í starfshópum innan BHM. Í einstaka tilvikum hefur félagið leitað fulltingis lögmannna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Nokkrar breytingar voru gerðar á eignarhaldi innan húsfélags BHM á árinu. Eignarhlutur KVH í húsfélagi B6 nemur nú 6,44% en var áður 4,58%. Gengið var frá kaupum á viðbótarrými fyrir félagið sem byggði á samþykkt aðalfundar 2019.


KVH hefur kynnt starfsemi sína á samskiptamiðlum, á vettvangi námsmannafélaga, meðal annars með nýlegri vefsíðu og kynningarmyndböndum, enda ávallt markmið að KVH verði „fyrsta val“ nýútskrifaðra viðskipta- og hagfræðinga.

Félagið hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Engu að síður er félagsgjaldið til KVH eitt það lægsta sem greitt er til stéttarfélags enda er markmið félagsins ekki að safna í sjóði heldur að veita félagsmönnum góða og nauðsynlega þjónustu, og efla þeirra hag.

### 3. Félagsmenn

Fjölgun félagsmanna ber þess glöggt merki að um þessar mundir er tekist á við heimsfaraldur Covid-19, en á síðasta ári dró nokkuð úr fjölguninni sem hefur verið nokkuð jöfn og þétt árin þar á undan. Langmesta hlutfallslega aukningin er vegna starfa á almenna vinnumarkaðinum. Ef miðað er við októbermánuð 2020, sem er heppilegur viðmiðunarmánuður, voru greiddandi félagsmenn KVH þá alls 1.702, en á sama tíma árið áður voru þeir 1.662. Þessu til viðbótar má geta þeirra 249 félagsmanna sem skráðir eru með námsmannaaðild núna í mars 2021 og búast má við að verði framtíðarfélagsmenn eftir að námi lýkur. KVH er þriðja fjölmennasta aðildarfélag innan BHM.

Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda en vissulega þarf að gera ráð fyrir a.m.k. tímabundnum áhrifum vegna COVID-19.



Kynjahlutfall félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um 59% greiðandi félagsmanna en karlar 41%. Meðalaldur greiðandi félagsmanna er nú 44 ár.

Ef litið er á skiptingu greiðandi félagsmanna í október 2020 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er myndin þessi: Um 52% starfa á almenna vinnumarkaðinum, 32% starfa á ríkisstofnunum, 7% hjá sveitarfélögum og tæplega 4% starfa hjá Reykjavíkurborg. Atvinnuleitendur eru 4% af þessari skiptingu.

Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Með þetta í huga hefur KVH lagt aukna áherslu á markaðssetningu og kynningu eins og áður segir. Þá má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafélags.

#### **4. Kjaramál og samningar**

Starfsárið var mjög annasamt en eiginleg samningalota stóð frá byrjun maí 2019 til júlí 2020 er gerðir voru kjarasamningar við ríki, Reykjavíkurborg, sveitarfélögin, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, Orkuveitu Reykjavíkur, RARIK og RÚV. Þess má geta að samningafundir við ríkið voru 55 talsins. Á starfsárinu var unnið að endurnýjun stofnansamninga ríkisstofnana sem er viðvarandi verkefni enda ríkisstofnanir fjölmargar. Þá var uppfærður svokallaður réttindasamningur við Samtök atvinnulífsins (SA) í upphafi árs 2021 en aðild að honum eiga 14 aðildarfélög BHM. Meirihluti félagsmanna KVH starfar á almennum vinnumarkaði eða um 52% og heyra þeir undir kjarasamning sem KVH gerir við SA. Í kjarasamningnum við SA semur félagið ekki um laun, heldur um réttindi, en auk þess veitir félagið félagsmönnum aðstoð og upplýsingar við gerð ráðningarsamninga og endurskoðun launa.

Við nýlokna kjarasamningsgerð náðist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar sem er eitt stærsta framfaraskref sem stigið hefur verið á íslenskum vinnumarkaði í langan tíma. Styttingin getur haft í för með sér verulegan ávinning fyrir vinnustaði, en bætt vinnustaðamenning og betri nýting vinnutíma er meðal helstu markmiða styttingarinnar. Þá er stytting vinnuvikunnar mjög stór þáttur í því að bæta lífskjör og auðvelda samræmi milli vinnu og einkalífs.

#### **5. Rekstur skrifstofu**

Í nóvember 2020 var samþykkt á aukaaðalfundi BHM að breyta fyrirkomulagi við innheimtu aðildargjalda BHM en KVH hefur lengi beitt sér fyrir breytingum þar að lútandi og þá sérstaklega frá upphafi árs 2019 en á aðalfundi BHM það árið var lögð fram tillaga að breytingum aðildargjalda. Tillagan var lögð fram af KVH auk annarra aðildarfélaganna sem studdu málið. Skemmst er frá því að segja að tillagan féll á tveimur atkvæðum. Hins vegar var lögð fram miðlunartillaga, sem gekk að vísu skemur, en jafnframt fylgdi henni áform um að skipa starfshóp með það hlutverk gera tillögu að lækkun aðildargjalda BHM. Hópurinn, sem samanstóð af fulltrúum fimm aðildarfélaganna, hóf strax störf í júní 2019 en fulltrúi KVH var skipaður formaður hans. Hópurinn skilaði af sér tillögum í nóvember 2019 sem taka átti til afgreiðslu á aðalfundi BHM í maí 2020. Svo fór að sá aðalfundur var haldinn rafrænn vegna covid-19 sem frestaði afgreiðslu tillögunnar. Í kjölfairð var blásið til framhaldaðalfundar í september sama ár. Í framhaldinu þurfti að boða til aukaaðalfundar BHM sem haldinn var í nóvember 2020 en þar var endurbætt tillaga starfshóps samþykkt með 84% atkvæða en svo afgerandi niðurstaða er mikið fagnaðarefni. Óhætt er að segja að með þessari breytingu er mun sterkari stoðum skotið undir rekstur KVH til framtíðar enda fyrra fyrirkomulag verulega íþyngjandi fyrir félagið sem og ósanngjarnt. Því skal haldið til haga að bæði framkvæmdastjóri KVH og formaður hafa hafa borið málið á herðum sér og beitt sér verulega í þessu stóra framfaramáli sem mun leiða af sér að félagið getur bætt aðstöðu félagsins til að þjónusta félagsmenn enn betur.

Varðandi almennan rekstur KVH þá hefur verið farið í markvissar aðgerðir til að snúa rekstrinum við sl. tvö ár. Vegna sterkrar stöðu félagsins auk gjaldamálsins sem rakið var hér að framan þá gefst félaginu loks tækifæri á að bæta við stöðugildi á skrifstofuna sem er orðið verulega aðkallandi, vegna undirmönnunar til langs tíma.

## **6. Verkefni stjórnar KVH starfsárið 2020-2021**

Nokkuð er langt um liðið síðan að stefnumótun fór fram hjá félaginu og því orðið tímabært að fara í þá vinnu og hófst undirbúningur að henni í febrúar síðastliðnum. Þá verður sérstök áhersla lögð á aukna markaðssetningu félagsins en stjórn félagsins hyggst blása til sóknar í þeim málum enda mikilvægt að sinna því vel. Áformað er að kynna félagið með enn markvissari hætti á samfélagsmiðlum en undanfarin misseri. Jafnframt verða samskipti og þjónusta við félagsmenn meðal áhersluatriða komandi starfsárs.

Þá hefur KVH lokið ítarlegri greiningarvinnu á launum og launaumhverfi sinna félagsmanna. Niðurstaða þeirrar vinnu er sú að félagið býr í dag yfir sínum eigin gagnagrunni og reiknilíkani sem mun sýna launaþróun og kaupmáttarþróun yfir tímabil, eftir kjarasamningum, atvinnugreinum, kynjum og fleiru, auk samanburðar við þróun vísitalna og hagtalna. Slík tölfræði er mikill styrkur fyrir félagið, bæði í komandi kjarasamningum og ekki síður inn á við inn í BHM.

Þá er stefnt að því að á árinu að koma upp sérstökum aðgangi félagsmanna að upplýsingum um meðallaun og launaþróun í gegnum „Mínar síður“ sem sett verður upp á vefsíðu KVH. Þetta verður kynnt félagsmönnum sérstaklega þegar verkefninu lýkur.

Reykjavík, 25. mars 2021

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

*Ársæll Baldursson formaður*